

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2024

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/731 frá 3. apríl 2023 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2024, 2025 og 2026 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/741 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/731 fellir úr gildi, frá 1. september 2024, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/741 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum frá 1. september 2024.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir 240. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/972):

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 95, 4.4.2023, bls. 28.

⁽²⁾ Stjótið. ESB L 137, 16.5.2022, bls. 12.

„241. **32023 R 0731**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/731 frá 3. apríl 2023 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2024, 2025 og 2026 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/741 (Stjtið. ESB L 95, 4.4.2023, bls. 28).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi er bætt við töfluna í 5. tl. II. viðauka:

„IS	12
NO	12

“

2. Texti 214. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/741) fellur brott frá og með 1. september 2024.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/731, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.